



Fundargerð

**495. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps
haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4,
fimmtudaginn 27. júlí 2023, klukkan 13:00.**

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Þetta er 10. sveitarstjórnarfundur ársins, fundinum verður ekki streymt en hann er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Fundargerðir til samþykkta

1. 2303034 - Sorphirða í Vestur-Skaftafellssýslu.

Lögð fram fundargerð frá 26. júní 2023, vegna opnumar á tilboðum í sorphirðu.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir með fjórum atkvæðum (JG, BHS, GPS og AG) einn sat hjá (SHJ) að taka tilboði Kubbs í sorphirðu innan Skaftárhrepps. Jafnframt er sveitarstjóra falið í samstarfi við Eflu verkfræðistofu að ganga frá samningum vegna verksins.

Sveinn Hreiðar Jensson lagði fram eftirfarandi bókun:

,D-listinn og óháðir harma niðurstöður útboðs vegna sorphirðu í Skaftárhreppi. Samþykkt tilboð er 70% yfir kostnaðaráætlun sveitarfélagana, það er ljóst að með þessu munu gjöld vegna sorphirðu- og eyðingar hækka umtalsvert per íbúa frá því sem áður var.

Fráfarandi sveitarstjórn með D-listann í fararbroddi lagði áherslu á að lækka kostnað við sorphirðu og eyðingu innan Skaftárhrepps, um var að ræða tilraunaverkefni þar sem reynt var að koma til móts við óskir íbúa um lægri kostnað vegna þessa málaflokks. Margt hefði mátt fara betur í tilraunaverkefni D-listans en af mistökunum má læra og endurbæta til lengri tíma, þó voru margir jákvæðir hlutir í þessarri tilraun ber það helst að kostnaður við söfnun stórlækkaði og þó ekki sannað með framkvæmd könnunar margir íbúar sér í lagi innan þorps afar ánægðir með núverandi kerfi.

D-listinn og óháðir leggja áherslu á að sveitarfélagið ætti að halda áfram að sinna og þróa úrgangsstjórnun sína sem dæmi í sorpsamfélagi með Mýrdalshreppi. Sér í lagi sökum framþróunar og breytri hugsun í úrgangsstjórnun á landsvísu.

Samkvæmt kostnaðargreiningu Eflu verkfræðistofu þá eru taldir fleirri kostir en gallar við sameiginlegt sorpsamfélag framyfir einkaaðila. Sem dæmi mögulega lægri kostnaður sökum hagræðingar í rekstri til lengri tíma litil, akstur kann að sparast vegna þekkingar heimamanna auk góðrar yfirsýnar sem og sveigjanleika varðandi breytingar, atvinnusköpun yrði alfarið innan sveitar, möguleg framþróun í úrvinnslugjöldum frá úrvinnslusjóði sem og mögulegar

*HBH
J.G. 65
SRI*



hækkunir á endurgjaldi og flutningsjöfnun, með færri útboðum þá næst stöðuleiki í málaflokknum til lengri tíma litið.

D-listinn og óháðir telja því ekki tímabært að samþykkja framlagða tillögu, heldur hvetur meirihluta sveitarstjórnar til að þróa áfram stjórnun úrgangsmála innan Skáftárrepps til hagsbóta fyrir íbúa sveitarfélagsins.“

2. 2305010 - Fundargerð opnun tilboða í vöruskemmu
Lögð fram fundargerð frá 21. júní 2023, vegna opnunar á tilboðum í vöruskemmu.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málínus. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að hafna öllum tilboðum sem bárust í vöruskemmuna. Sveitarstjóra er falið í samráði við slökkviliðsstjóra að kanna hvort skemman geti nýst sem hluti af björgunarmiðstöð sveitarfélagsins.

Fundargerðir til kynningar

3. 2307001 - Arnardrangur hses.

Fundargerð 5. stjórnarfundar Arnardrangs hses, frá 18. apríl 2023 lögð fram.

Lagt fram til kynningar.

4. 2307002 - Arnardrangur hses.

Fundargerð 6. stjórnarfundar Arnardrangs hses, frá 15. maí 2023 lögð fram.

Lagt fram til kynningar.

5. 2307003 - Bergrisinn bs

Fundargerð 58. stjórnarfundar Bergrisans bs, frá 23. maí 2023 lögð fram.

Lagt fram til kynningar.

6. 2307004 - Félags- og skólapjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

Fundargerð 74. stjórnarfundar Félags- og skólapjónustu, frá 30. júní 2023 lögð fram.

Lagt fram til kynningar.

7. 2307005 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

Fundargerð 596. fundar stjórnar SASS, frá 2. júní 2023, lögð fram.

Lagt fram til kynningar.

8. 2307006 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

Fundargerð 597. fundar stjómar SASS, frá 30. júní 2023, lögð fram.

Lagt fram til kynningar.

9. 2307007 - Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Fundargerð 228. fundar Heilbrigðisnefndar, frá 12. júní 2023, lögð fram.

Lagt fram til kynningar.

*Mr BHJS
J.G. GS
SRI*



10. 2307009 - Samtök Orkusveitarfélaga

*Fundargerð 62. stjórnarfundar Samtaka orkusveitarfélaga, frá 21. apríl 2023,
lögð fram.*

Lagt fram til kynningar.

11. 2307010 - Samtök Orkusveitarfélaga

*Fundargerð 63. stjórnarfundar Samtaka orkusveitarfélaga, frá 11. maí 2023,
lögð fram, ásamt ársreikningi samtakana fyrir árið 2022.*

Lagt fram til kynningar.

12. 2307011 - Samtök Orkusveitarfélaga

*Fundargerð 64. stjórnarfundar Samtaka orkusveitarfélaga, frá 16. maí 2023,
lögð fram.*

Lagt fram til kynningar.

13. 2307012 - Samtök Orkusveitarfélaga

*Fundargerð 65. stjórnarfundar Samtaka orkusveitarfélaga, frá 22. júní 2023,
lögð fram.*

Lagt fram til kynningar.



Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

14. 2307024 - Hverfisfljót ehf.

Lagt fram bréf, dagsett, 30. júní 2023, þar sem Mannvit hf. óskar fyrir hönd Hverfisfljóts ehf. eftir framkvæmdaleyfi fyrir virkjun Hverfisfljóts í Skaftárhreppi.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málínú. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fá VSÓ-Ráðgjöf til að aðstoða Skaftárhrepp við afgreiðslu á framkvæmdaleyfisumsókninni í samstarfi við skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn samhljóða að vísa málínú til skipulagsnefndar Skaftárhrepps til afgreiðslu.

15. 2307026 - Skólaakstur

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málínú. Sveitarstjórn lýsir yfir vonbrigðum um hvað fáir hafi séð sér fært um að bjóða í skólaakstur innan sveitarfélagsins, aðeins var boðið í fjórar (4) leiðir af sex (6), fellu bjóðendur frá tveimur leiðum.

Sveitarstjórn samþykkir að ganga til samninga við Byggðaból ehf um akstur á leið 3 (Fljótshverfi) og Pál Símon Oddsteinsson um akstur á leið 5 (Álftaver)

Sveitarstjórn samþykkir að fela oddvita og sveitarstjóra að finna bifreiðastjóra í fjórar (4) leiðir.

Björn Helgi Snorrason vék af fundi undir þessum lið.

16. 2307027 - Tónlistarskóli Skaftárhrepps

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málínú. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ráða Svavar Sigurðsson, tímabundið í starf skólastjóra Tónlistarskóla Skaftárhrepps, eða frá 1. ágúst 2023 til og með 31. júlí 2024. Jafnframt mun Svavar sinna starfi organista og kórstjóra við Kirkjubæjarklausturs-prestakall.

17. 2307023 - Trúnaðarmál

Lagt fram bréf frá Mílu, dagsett 18. júlí 2023, vegna kaupa Mílu á ljósleiðarakerfi Skaftárhrepps.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málínú.

Sveitarstjóra og oddvita falið að vinna málið áfram.

18. 2307018 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Erindi, dagsett, 7. júlí 2023, umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis VD ehf. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-C minna gistiheimili. Staðsetning gististaðarins er Grund.

Sveitarstjórn samþykkir, samhljóða, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.



19. 2307019 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Erindi, dagsett, 28. október 2021, umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis Arnardrangur ferðapjónusta ehf. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-C minna gistiheimili. Staðsetning gististaðarins er Arnardrangur.

Sveitarstjórn samþykkir, samhljóða, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

20. 2307020 - Menningar- og viðskiptaráðuneyti

Lagður fram tölvupóstur, dagsettur, 28. júní 2023, þar sem óskað er eftir fundi með sveitarstjórn vegna Erróseturs.

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Um alllangt árabil hefur verið unnið að hugmyndum um uppbyggingu Erróseturs á Kirkjubæjarklaustri. Áform gerðu ráð fyrir því að það yrði hluti af þekkingarsetri sem Eldvilji ehf. Kirkjubæjarstofa ses. og Skaftárhreppur stæðu sameiginlega að í heimavistarálmu Kirkjubæjarskóla. Ljóst er að endurbætur á húsnæðinu, sem staðið hafa yfir undanfarin ár, eru Eldvilja ehf. og Kirkjubæjarstofu ses. óviðráðanlegar og er nú svo komið að Skaftárhreppur ber einn allan kostnað af þeim framkvæmdum þar sem bæði Eldvilji ehf. og Kirkjubæjarstofa ses. eru nú órekstrarhæf.

Strax síðastliðið haust var núverandi sveitarstjórn ljóst í hvað stefndi og af þeim sökum lagði oddviti sveitarstjórnar fram erindi á 481. fundi sveitarstjórnar sem haldinn var þann 19. október 2022, í framhaldi af fundinum var menningar- og viðskiptaráðuneytinu sent erindi, dagsett, 26. október 2022. Í bókun sveitarstjórnar kom fram að sveitarstjórn samþykkti samhljóða að leita til menningar- og viðskiptaráðuneytisins um fjármögnun til að kanna framtíðaruppbýggingu menningar- og listasetri sem ferðamannastað og gestastofu Erróseturs í huga.

Sveitarfélagið hafði í huga að ráða ráðgjafa, eða ráðgjafafyrirtæki til að vera ráðgjefandi fyrir sveitarfélagið. Þau atriði sem kanna ætti í ráðgjöfinni voru meðal annarrs eftirfarandi: Greining á staðsetningu og sampættingu við annan rekstur, greining og þróun á tækifærum á skilgreindu svæði og gestastofu, gerð stefnumótunar fyrir verkefnið, greining á rekstrarmódeli verkefnisins greining á tímaáætlun.

Þar sem formlegu erindi Skaftárhrepps hefur ekki verið svarað efnislega, né vinna ráðgjafa farið fram, sér sveitarstjórn ekki ástæðu að halda opin fund um málefni Erróseturs ef staðsetning og rekstrarfyrirkomulag á að vera óbreytt frá fyrrí áætlunu en sveitarstjórn Skaftárhrepps er tilbúin til fundarhalda með ráðherra um erindi sveitarstjórnar frá 26. október 2022.

Sveitarstjórn leggst ekki gegn uppbyggingu Erróseturs en það verður ekki byggt upp né rekið af sveitarfélagini.

*AB
JG
BTS
GSS
SNI*
1498



21. 2307021 - Umhverfisstofnun

Lagt fram bréf, dagsett, 19. júní 2023. Óskað er eftir tilnefningu, fulltrúa Skaftárhrepps í samráðshóp um friðlýsingu Fjaðrárgljúfurs.

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Auður Guðbjörnsdóttir verði aðalmaður Skaftárhrepps í samráðshópi um friðlýsingu Fjaðrárgljúfurs og Sveinn H. Jensson verði varafulltrúi.

22. 2307022 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

Lagður fram tölvupóstur, dagsettur, 5. júní 2023, þar sem óskað er eftir svörum samgöngunefndar SASS um áherslur í samgöngumálum innan Skaftárhrepps.

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir meðfylgjandi minnisblað oddvita, þar sem fram koma forgangsverkefni sveitarfélagsins í samgöngumálum.

23. 2307028 - Daggjöld á afrétti 2023

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjóri lagði fram tillögu um að daggjöld á afrétti vegna smölunar heimalanda árið 2023 verði 18.888 krónur. Miðað yrði við sömu upphæð vegna smölunar heimalanda þegar greiða þarf smölun á kostnað landeigenda.

Daggjöld árið 2022 voru 17.350 krónur. Undanfarin ár hafa daggjöld verið framreknuð miðað við vísitölu neysluverðs. Vísitala neysluverðs í júní 2022 var 547,1 stig en var í júní 2023 595,6 stig.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillöguna og er sveitarstjóra falið að senda upplýsingar um upphæð daggjalda og fjártölur til fjallskiladeilda.

Mál til kynningar

24. 2307008 - Innviðaráðuneytið

Lagt fram bréf, dagsett, 7. júní 2023, vegna kvörtunar til ráðuneytisins

Lagt fram til kynningar.

25. 2307013 - Bændasamtök Íslands

Lagt fram bréf, dagsett, 6. júlí 2023. Efni bréfsins er Lausaganga/ágangur búfjár.

Lagt fram til kynningar.

26. 2307017 - Samband íslenskra sveitarfélaga

Lögð fram samantekt upplýsinga sem tengjast rekstri smærri hjúkrunarheimila, frá 29. júní 2023.

Lagt fram til kynningar.

*AK BMS
J.G. SVÍGZ*



Skýrsla sveitarstjóra

27. 2307025 - Fundur 495

Sveitarstjóri gerði grein fyrir störfum sínum sagði meðal frá þeim framkvæmdum sem stæði yfir og frá því að sótt hefði verið um 25 milljónir í Orkusjóð til jarðhitarannsókna í Skaftárhreppi.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 17.06.

Jóhannes Gissurarson
Jóhannes Gissurarson

Gunnar P. Sigmundsson
Gunnar Pétur Sigmundsson

Sveinn H. Jensson
Sveinn Hreiðar Jensson

Björn Helgi Snorrason
Björn Helgi Snorrason

Auður Guðbjörnsdóttir.
Auður Guðbjörnsdóttir